



Vélasalan 70 ára

1. júní 1940 — 1. júní 2010

Sjálfsafgreiðsla á ís fyrir skipin



Fyrsta ísverksmiðjan var reist í Grindavík árið 1983 og starfar þar enn.

Vélasalan stóð á sínum tíma fyrir innflutningi mörgum ísverksmiðjum, sem settar voru upp víða um landið. Verksmiðjurnar voru frá fyrirtækinu Finsam. Upphafið var að sett var upp farandverksmiðja í gámi í porti Vélasölunnar við Ánanaust. Þá var framleiddur ís í slöttum á bíla til að kynna framleiðsluna fyrir útgerðarmönnum. Þetta framtak leiddi svo til uppsetningar Ísverksmiðju í Grindavík í eigu Ísfélags Grindavíkur 1983. Það var fyrsta verksmiðjan sem sett var upp. Síðan fylgdu í kjölfarið verksmiðjur í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Hafnarfirði, Eskifirði, tvær á Ísafirði og loks á Dalvík. Fyrst í stað þurfi mann til að afgreiða ísinn um borð í bátana, en fljótlega tók sjálfvirkni við. Fengu viðskiptavinir þá annað hvort aðgangskort eða númer til að slá inn og afgreiddu sig síðan sjálfir. Þó verksmiðjurnar séu að grunni til þær sömu og í upphafi, hefur miklu verið bætt við, sérstaklega í afgreiðslu og afköstum.

Ísfélag Grindavíkur var fyrst til að setja upp ísverksmiðju af þessu tagi. Hinrik Bergsson, vélstjóri, hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Hluthafar voru útgerðarmenn og fleiri aðilar. Hinrik segir ða á tíma hafi verið mikil vandræði að fá ís í Grindavík, en með verksmiðjunni hafi það vandamál leyst. Framleiðslugetan hafi verið 90 tonn á sólarhring frá upphafi og 600 tonna geymsla fyrir ís. „Það var mikil eftirspurn eftir ís og stóð stundum tæpt með að hafa nóg, en þetta dugði alveg. Við erum að framleiða 14.000 til 1.5000 tonn á ári og það sem er kannski merkilegt í ljósi alls sem hefur verið að gerast, er að verðið á ísnum hefur lækkað. Það var 1.800 krónur án virðisaukaskatts tonnið í upphafi en er nú 1.700 krónur. Nú hvílir enginn fjármagnskostnaður á verksmiðjunni og því er hægt að lækka verðið á ísnum. Verksmiðjan hefur sparað útgerðarmönnum mikla peningar og sjómönnum mikla vinnu,“ segir Hinrik.

Til gamans má geta þess að eftir að afgreiðsla á ís varð sjálfvirk tók ísverksmiðjan í Grindavík upp á því að afgreiða ís beint á bryggjuna á sunnudagsmorgnum. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að skýringin lá í merkjasendingum frá Hitaveitu Suðurnesja inn á raforku kerfi landsmanna. Því var auðvitað kippt í liðinn. Eyjaís er ein af þessum verksmiðjum, en hún var sett upp 1986. Síðan þá hefur hún afgreitt um 465.000 tonn af ís. Þetta er eina ísverksmiðjan í Eyjum og var í upphafi í eigu sérstaks hlutafélags fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerð. Þegar stöðin var sett upp var framleiðslugetan 60 tonn á sólarhring og geymslurýmið 600 tonn.



Verksmiðjan í Þorlákshöfn ein af þeim fyrstu sem voru reistar.



Eyjaís var þriðja verksmiðjan og hefur þjónað heimamönnum vel.

Þremur mánuðum síðar var framleiðslugetan aukin og einni ísvél bætt við um áramótin 1986-1987. Þrátt fyrir þessa stækkun náðist ekki að anna eftirspurn og það varð því úr sumarið 1987 að keyptar voru tvær kælipressur og ein ísvél til viðbótar og framleiðslugetan aukin í 120 tonn á sólarhring.

Þá var einnig aukin blástursgeta frá verksmiðjunni, en ísnum er blásið frá klefa út í stúta sem eru á bryggjunni og beint um borð í bátana. Guðmundur Jóhannsson hefur verið framkvæmdastjóri Eyjaíss frá upphafi og er eini starfmaður fyrirtækisins. Hann segir að reksturinn hafi gengið mjög vel og byggt sé að grunni til á sama búnaði og í upphafi. Það sé einkum afgreiðslan sem hafa breyst. „Við framleiðum eftir þörf, en getan er um 120 tonn á sólarhring. Við höfum verið að framleiða á bilinu 15.000 til 20.000 tonn á ári og sjáum flota Eyjamanna og aðkomubátum fyrir ís svo og öðrum fyrirtækjum í Eyjum,“ segir Guðmundur. Hann er í raun á vakt allan sólarhringinn, alltaf til taks, þó afgreiðslan sé sjálfvirki. „Það þarf að halda þessu gangandi,“ segir hann og segist ekkert vera einmana, sem eini starfsmaður Eyjaíss. „Maður skellir sér bara á kajann og spjallar við kallana.“

